



Hörgársveit

Fréttabréf

24. maí 2019 10. árgangur 5. tölublað

Umhverfisdagur/plokkdagur

Sveitarstjórn hvetur íbúa sveitarfélagsins til að taka til í nágrenni við sig og fegra umhverfi sitt.

Laugardaginn 15. júní mun sveitarfélagið sjá til þess að farið verði um sveitarfélagið og rusl í svörtum ruslapokum tekið þar sem því hefur verið komið fyrir á aðgengilegum stað við gatnamót heimreiða og þjóðveggar og við gatnamót í þéttbýli. Tilkynna skal um rusl og fjölda poka sem taka skal á horgarsveit@horgarsveit.is fyrir kl. 16:00 þann dag

Söfnun á úrgangstimbri 11. - 14. júní 2019

Dagana 11.- 14. júní fer fram söfnun á úrgangstimbri. Þeir sem vilja losna við timburafganga þurfa að láta vita með pósti á jonni@horgarsveit.is eða í síma 860 6846 fyrir kl. 10:00 7. júní.

Auðvelt þarf að vera að komast að timbrinu með vörubíl og að búið sé að safna því saman á einn stað á hverju býli eða við hverja lóð. Hámarksmagn er einn bíll á hverjum bæ. Ekki má blanda öðrum úrgangi saman við timbrið.

Söfnun á brotajárni og úr sér gengnum hjólbörðum

Brotajárni og úr sér gengnum hjólbörðum verður safnað dagana 11.- 14. júní með svipuðum hætti og síðastliðið sumar. Þeir sem vilja losna við slíkt þurfa að láta vita með pósti á jonni@horgarsveit.is eða í s.860 6846 fyrir kl. 10:00 7. júní.

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 23. maí 2019 kl.15:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Jónas Þór Jónasson og María Albína Tryggvadóttir.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur Hörgársveitar 2018, síðari umræða

Fyrir fundinum lá endurskoðunarskýrsla frá PWC. Fyrri umræða um ársreikninginn fór fram 30. apríl 2019. Þá var hann afgreiddur til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkti ársreikning Hörgársveitar fyrir árið 2018 og staðfesti hann með undirritun sinni.

2. Húsnæðisáætlun Hörgársveitar, fyrri umræða

Húsnæðisáætlun Hörgársveitar lögð fram og yfirfarin.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa húsnæðisáætluninni til síðari umræðu.

3. Fundargerð fjallskilanefndar frá 20.5.2019

Fundargerðin ásamt fylgigögnum lögð fram og er hún í 5 liðum og þarfnast 1 liður afgreiðslu sveitarstjórnar:

a) í 2. lið: Sveitarstjórn samþykkti framlagðar vinnureglur um fyrirkomulag á hagagöngu hrossa í Laugalandsheiði og að þær verði kynntar hlutadeigandi.

4. Fundargerð fræðslunefndar frá 22.5.2019

Fundargerðin ásamt fylgigögnum lögð fram og er hún í 11 liðum og þarfnast 3 liðir afgreiðslu sveitarstjórnar:

a) í 4. lið: Sveitarstjórn samþykkti að ráða Ragnheiði Lilju Bjarnadóttur sem skólalastjóra Þelamerkurskóla.

b) í 7. lið: Sveitarstjórn samþykkti skóladagatöl Þelamerkurskóla og leikskólans Álfasteins 2019-2020 eins og þau liggja fyrir.

c) í 10. lið: Sveitarstjórn samþykkti reglur um meðferð umsókna um leikskóladvöl í Hörgársveit.

5. Fundargerð byggingarnefndar Eyjafjarðar frá 115. fundi

Fundargerðin lögð fram.

6. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, aðalfundarboð

Fundarboðið lagt fram ásamt tillögu að árgjaldi.

Sveitarstjórn samþykkti að sveitarstjóri verði fulltrúi Hörgársveitar á aðalfundinum og samþykkti fyrir sitt leyti að upphæð framlags til AFE verði kr.1.775 á íbúa fyrir árið 2019.

7. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Í samræmi við fjárhagsáætlun 2019 liggur fyrir lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga um lán að upphæð kr. 40.000.000,-
Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti lántökuna.

8. Erindi frá Neyðarlínunni um heimild til uppsetningar á mastri með eftirlitsmyndavélum

Erindið lagt fram.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti heimild til að setja upp mastur með eftirlitsmyndavélum við Þjóðveg 1 móts við Lækjarvelli.

9. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, umsókn um rekstrarleyfi Engimýri

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir umfangslítinn áfengisveitingastað að Engimýri III, Hörgársveit.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að rekstrarleyfið verði veitt.

10. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, umsókn um rekstrarleyfi Pétursborg

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir umfangslítinn áfengisveitingastað að Pétursborg, Hörgársveit.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að rekstrarleyfið verði veitt.

11. Erindi vegna gróðurbelta Ytri-Bægisá

Erindið lagt fram. Afgreiðslu frestað.

12. Reynihlið 9-13, samningur um lóðir og byggingarframkvæmdir

Samningur við ÁK smíði ehf lagður fram.

Sveitarstjórn samþykkti samninginn.

Ásrún Árnadóttir og Jón Þór Benediktsson véku af fundi og tóku Vignir Sigurðsson og Eydís Eyþórsdóttir sæti þeirra á fundinum.

13. Skólaakstur

Lagt fram yfirlit yfir núverandi fyrirkomulag skólaaksturs og hugmyndir að nokkrum útfærslum á fyrirkomulagi næstu skólaár.

Sveitarstjórn samþykkti að bjóða út allan skólaakstur til tveggja ára á fjórum leiðum samkvæmt tillögu C í framlögðu yfirliti.

Ásrún Árnadóttir og Jón Þór Benediktsson komu aftur til fundar.

14. Hagaganga

Lagður fram listi yfir umsóknir um hagagönguleyfi 2019.

Sveitarstjórn samþykkti að veita leyfi fyrir hagagöngu til eins árs á grundvelli fyrirbyggjandi umsókna enda liggja fyrir samþykki viðkomandi landeiganda. Þá liggja fyrir mat fulltrúa Landgræðslu ríkisins á þoli hlutaðeigandi jarða.

15. Hámarks umferðarhraði í þéttbýli

Lagðar fram til umræðu tillögur varðandi niðurtöku hámarkshraða á Hjalteyarvegi og Lónsvegi. Í umferðarlögum kemur fram að lögreglustjóri ákvarði hraðatakmarkanir í þéttbýli að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti að leita eftir því við lögreglustjóra að umferðahraði á Hjalteyarvegi við þéttbýlismörk Hjalteyar verði færður niður í 30 km/klst. Þá samþykkti sveitarstjórn að leita eftir því við lögreglustjóra að umferðarhraði á Lónsvegi verði færður niður í 30 km/klst við gatnamót Lónsvegur og Þjóðvegur 1 við Lónsá.

16. Viðhald heimreiða í Hörgársveit

Viðhaldi heimreiða í Hörgársveit er mjög ábótavant og hefur því varla verið sinnt svo árum skiptir þrátt fyrir umleitanir sveitarstjóra. Er nú svo komið að flestar ef ekki allar heimreiðar þurfa umtalsvert viðhald til að geta talist í eðlilegu ástandi og sumar það illa farnar að þær ógna öryggi þeirra sem um þær eiga erindi.

Sveitarstjórn Hörgársveitar gagnrýnir kröftuglega áhugaleysi Vegagerðarinnar á viðhaldi heimreiða í sveitarfélaginu og krefst þess að úr verði bætt nú í sumar 2019.

17. Vinnuskóli 2019

Fyrir fundinum lá minnisblað með upplýsingum um fjölda í vinnuskólanum og fyrirhugað fyrirkomulag hans.

Sveitarstjórn samþykkti að laun í vinnuskóla sumarið 2019 verði 915 kr./klst. fyrir börn fædd 2005, 1.040 kr./klst. fyrir börn fædd 2004 og 1.335 kr./klst. fyrir börn fædd 2003. Orlof er innifalið.

18. Umhverfisdagur/plokkdagur

Sveitarstjórn hvetur íbúa sveitarfélagsins til að taka til í nágrenni við sig og fegra umhverfi sitt. Laugardaginn 15. júní mun sveitarfélagið sjá til þess að farið verði um sveitarfélagið og rusl í svörtum ruslapokum tekið þar sem því hefur verið komið fyrir á aðgengilegum stað við gatnamót heimreiða og Þjóðvegur og við gatnamót í þéttbýli. Tilkynna skal um rusl og fjölda poka sem taka skal á horgarsveit@horgarsveit.is fyrir kl. 16:00 þann dag.

Sundlaugin á Þelamörk, Jónasarlaug

Sumaropnun frá 1. júní 2019:

Mánudaga til fimmtudaga 11.00 til 22.00

Föstudaga til sunnudaga 11.00 til 20.00

**Fimmtudaginn 30. maí, uppstigningardag
verður opið kl. 11.00 – 18.00**